

**Ed.**

### **300. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Pétur Magnússon.

1. gr.

Úr 33. gr. laganna falli burt orðin: „eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa“.

2. gr.

Aftan við 36. gr. laganna bætist: Svo er og kjörseðill ógildur, ef stimplað er yfir auða reitinn fyrir framan nafn fleiri en eins af frambjóðendum.

3. gr.

Framan við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sá hefir hlotið kosningu, sem hefir fengið flest atkvæði, þegar kjósa skal einn þingmann einungis. Þegar kjósa skal tvo þingmenn samtímis í sama kjördæmi, hefir sá hlotið kosningu, sem fengið hefir flest atkvæði, og sá, sem fengið hefir næstflest atkvæði.

#### **G r e i n a r g e r ð.**

Í frv. því til breytinga á stjórnarskránni, sem nú liggur fyrir Alþingi, er farið fram á nokkuð viðtækar breytingar á skipun Alþingis, og verður að setja ný lög um kosningar til Alþingis jafnframt því, sem það stjórnarskrárfrumvarp er samþykkt til fullnustu. En til þess að breytingin komist í kring þarf þó að stofna einu sinni enn til kosninga samkvæmt núgildandi stjórnarskrá og kosningalögum, og er frv. borið fram til þess að nema burt við þær kosningar þann höfuðannmarka, sem nú er á kosningu í tvímenningskjördæmunum, og vísast um þetta til nefndarálits okkar úr millipinganefndinni í kjördæmamálinu, sem prentað er á þskj. 37, bls. 15—16 og bls. 24. Felst það í frv., að hver kjósandi velur einn þingmann jafnt í tvímenningskjördæmum sem öðrum, og fá þeir tveir kosningu, sem hlotið hafa flest og næstflest atkvæði.